

Ed.

411. Breytingartillögur

[109. mál]

við frv. til laga um skipun prestakalla.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr.
 - a. Við III. 15. (Hof í Öræfum).
Síðasta málsgr. falli niður.
 - b. Við VII. 36. (Mosfell í Mosfellssveit).
Fyrir „Lágafells-, Viðeyjar- og Þingvallasóknir“ komi: Lágafells- og Viðeyjarsóknir.
 - c. Við XII. 61. (Staðarhólsþing).
Síðasta málsgr. falli niður.
 - d. Við XV. 75. (Ögurþing).
Síðasta málsgr. falli niður.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, er orðist svo:
Ráðherra skipar prest að Þingvöllum að fengnum tillögum biskups og guðfræðideildar Háskóla Íslands. Skal Þingvallapresti skylt án sérstakrar greiðslu að leiðbeina gestum, sem heimsækja staðinn og þess óska, um allt það, er lýtur að örnefnum, helgi hans og sögu. Aldurstakmark í embættisþjónustu gildir ekki hvað viðvíkur þessu embætti.
Prestssetur: Þingvellir.
3. Við 7. gr. Greinin falli niður.